



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Dómsmálaráðuneyti
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 20. ágúst 2020
2008018SA BG
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til breytinga á barnalögum 76/2003 (breytt kynskráning foreldra) – Mál nr. 141/2020

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnvalda þann 7. ágúst sl. þar sem óskað er eftir umsögnum um ofangreind drög að frumvarpi. Í frumvarpinu er lagt til að við barnalög, nr. 76/2003, verði bætt nýjum ákvæðum sem mæla fyrir um foreldrastöðu trans fólks og einstaklinga með hlutlausu kynskráningu. Breytingarnar miða að því að tryggja réttindi foreldra með breytta kynskráningu og gera þá jafnsetta öðrum foreldrum.

Sambandið gerir ekki efnislega athugasemd við frumvarpið en vill vekja athygli á því að tilefni er til þess að endurskoða og bæta umgjörð um feðrun barna en í greinargerðinni segir:

„Feðrunarreglur hafa lengi verið ítarlegar í barnalögum en þróun í mannfæðingum rannsóknnum hefur dregið mjög úr þýðingu þeirra þar sem sú vandasama sönnunarsaða sem áður var uppi þegar ákvarða skyldi líffræðilegan föður barns er vart lengur fyrir hendi þar sem unnt er að eyða vafamálum með aðferðum erfðafræðinnar.“

Rétt er að aðferðir erfðafræðinnar auðvelda mjög að feðra börn en því miður er stjórnsýslu- og dómsmeðferð oft á tíðum mjög löng sem getur haft neikvæð áhrif á barn og foreldra barns. Sem dæmi þá er lögum um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000 ætlað að tryggja barni samvistir við báða foreldra á meðan á fæðingarorlofi stendur en erfitt er að tryggja slíkt þegar óljóst er hverjir eru foreldrar þess. Þar af leiðandi er ekki hægt að tryggja að barn njóti fæðingarorlofs til fulls þar sem ekki er hægt að úthluta fullu fæðingarorlofi til foreldra. Því er mikilvægt að það liggi fyrir sem fyrst hver sé faðir barns eða upplýst sé um hitt foreldri þess ef það er einstaklingur sem breytt hefur kynskráningu sinni. Sambandið hvetur því til þess að hafin sé vinna hið fyrsta við að móta tillögur til breytinga á barnalögum er tryggir að feðrun barna, hvort sem er hjá sýslumanni eða fyrir dómstólum, fái skjóta málsmeðferð innan stjórnsýslunnar og dómskerfisins.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri